



Ræða um Sjálfstæðismenn og Sjálfstæðisflokkinn, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Sjálfstæðismenn - Sjálfstæðisflokkurinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af hvernig

Sjálfstæt: s flóðbær?

1) Torurstuflóðbær um öflum
Sjálfstæt: s þjóðarinnar.

* Frammistaða Alþtl. næstl. Gammals
Gunnarínistur

Torurstufl. um öflum varna
svo at þjóðin falli ekki i ginn þónum
þónum með sagt, at met fimm
bókum við óðrum hjaðskap hitta.
"Irlög allra fimm torurstumannar
þónum, en svikit hefa þjóðin
sínum: hevdu hinnum, og
síðan hefa verið dregrin, sann
at Þorid Þórðarhinn ekki
besta væti".

Eftirtö. at miði fyrst eftir
147 líða kússan upp á vitb.
A meðan þei höfðu vori
um at kúppa óðrum met
vitb. t.a. beraða frá vörnum
stötutva þei vitb.

Hér sem illa samast at ein-
ört framþónum og vorur
til t.v. götum málust. er
vanl. til sigurs.

Gundhægideildar. Síðast a

ontseining Þreta.

Afstæt stjórnarinnar

Í manns og Alþbl.

2) For yrði fl. um sjálfpt.
einstaklinganna.

S:J eru alls ekki á móti
samtaka með innan frá sér
komm gosar. Í breddini
átt beita sunn. fil., býjan-
eta mikisafsk., ef með syn-
fetta v. metast hv. sinni.

S:J eru á móti frí,
et nökkrar einstakl. et
félagsheild get: kínad
annan et a leitt ofriki.
perso. vist. viður modern
nið sunnt fólk fó
obbar: netanjónar breyf-
med pipul. miðunum
Umfram alt viljum vit
et einstaklingarinn
fái et riðta sín. Engin
velja et a fundera kí:
get ur nökkrum tímum
komit: stat hagnaunda-
outaj og at halda frókars
einstakrar manna sálum.

A milli obbar ~~ok~~
komma sér hvernig. vegist
"alblæst persónuleikarinn"
er óbrinilegt til

S:J tákun framt á móti
et gögji og styrkun
persónuleikarinn sér ótaki
sér ekbert frjólst fíjólflys
nældi ari vera.

perso. eru á rásir Timans
mið heitjum ~~og~~ ^{och} thengarla
mið bæru utótt: en: fljótu
brað: vist: t.

Miurst geri til spótt
væst sé á handhála þennan
og veigt at gera þá eru lausa.
Næstu k. meðan í stæt.
A fál-atv. er sín baldriðið a
valdarsýki og rannsleitni,
sínum þennan frum í fari
at tægja stjórt undstæting
sínum seðum en óþjólstæting
sakbúrðan.

Má i Gl. Þur. eitth af meira
en 200. Það er ófært og setti af
længvar sem eru bæðum brent úr sta-
ðum með f. at að síða skuli.

Einn hefti vært inn yfir. Umkl.
væði launin sett in. Sígt.
og yfirálfar.

Fri miðan eiga allar
rannslosbúrðan og rannsleitið
of miðan fylgi at fagna
hjá þjófum. Á meðan muni
fessi ljóta og eitrata vora
síði þennan í meðbæði árum
síðum.

Ef meðri bl. vært þat sann
vill þenna þat frá heldum.
Ófær skulda miðum fyrir
áthá ófær a meginatr.

Við Sjálfstæðismenn hefðum auðvitað kosið, að formaður okkar, forsetisráðherra núverandi ríkisstjórnar Ólafur Thors, hefði af okkar hálfu haldið uppi svörum í umræðum um tillögu þá, er hér liggur fyrir. En hann er og hefur undanfarna daga verið veikur af influenzu og getur þess vegna eigi tekið þátt í umræðum nú. Hinsvegar er því haldið fram, að dráttur á afgreiðslu þeirrar vantrauststillögu, sem fram er komin, muni seinka meðferð frumvarps ríkisstjórnarinnar um lausn dýrtíðarmálanna. Sjálfstæðisflokkurinn telur höfuð-nauðsyn; að frumvarpinu sé hraðað og hefur því sett sig við afgreiðslu tillögunnar nú þegar og hefi ég þess vegna tekið að mér að mæla hér í formannsins stað.

Þar sem mönnum skilst, að vantrauststillaðan sé ekki flutt út af efni þess mikla máls, sem nú liggur fyrir Alþingi, heldur meðferð ríkisstjórnarinnar á því, tel ég nauðsyn bera til að gera grein fyrir vinnubrögðum Sjálfstæðismanna í þessum efnunum undanfarið.

Óhætt er að segja, að um engin mál hafi á seinni árum verið meira rætt og ritað eða fleiri samþykktir gerðar en dýrtíðarmálið. Auðvitað hefur margt af því, sem um þessi mál hefur verið sagt, verið skynsamlegt. Fræðimenn hafa og skrifað um sérstaka þætti málsins og ber þar einkum að nefna margar glöggar og greinagóðar ritgerðir eftir prófessor Ólaf Björnsson. En það getur engum dulizt, að yfirleitt hefur mjög á skort heildarsýn yfir úrlausnarefnið, eðli þess og þau úrræði, er dygðu.

Hjá öllum borra manna og þar á meðal þeim, er atla hefði mátt að betur vissi, hefur

pess mjög gætt, að auðvelt ætti að vera að leysa pennan vanda með einhverri dularfullri reikningsbraut. Hafa menn þá oftast talað um, að allt þyrfti að lækka og allsherjar niðurfarsla að eiga sér stað. Hafa menn þá ráðgert, að petta þyrfti lítið að koma við hvern og einn eða að minnsta kosti virðist hver þjóðfélagshópur hafa hugsað sér, að pessi reikningsbraut yrði leyst á þann veg, að lítt eða ekki bitnaði á honum sjálfum. Hitt gerði minna til, þóttarir yrðu einhverjar byrðar að bera.

Í athöfnum stjórnvaldanna hefur pessa sama óskýrleika gætt. Á Alþingi og í ríkisstjórn hafa menn að vísu gert sér pess grein, að einungis væri um fáar leiðir út úr ógöngunum að ræða, en menn hafa ekki getað gert hug sinn upp um það, hver væri líklegust til að leiða þá að markinu og heldur ekki kunnað full skil á forsendum farsællar lausnar og hvert samband þyrfti að vera á milli einstakra ráðstafana, svo að líklegt væri að við vandann yrði ráðið.

Af þessum sökum hefur verið gripið til sundurlausra neyðarúrræða, svo að forðað yrði frá bráðum voða, eins og þegar ábyrgð var tekin á fiskverði fyrir bátaflotann í árslok 1946 til að koma í veg fyrir stöðvun hans. Frá þessu bráðabirgðaneyðarúrræði hafa menn síðan ekki treyst sér til að hverfa. Heldur ekki í desember 1947, þegar þó var gerð alvarleg tilraun með setningu dýrtíðarlaganna, til þess að minnsta kosti að draga úr stöðugum vexti verðbólgunnar. Segja mátti, að sú tilraun tekist fyrst um sinn. En hvorki var hún sjálf næg til varanlegrar

lækningar meinsemidinni, né var þess gatt að gera aðrar ráðstafanir, sem samtímis hefði þurft að gera, ef stöðva hefði átt vöxt verðbólgunnar til frambúðar. Allar þessar ráðstafanir hafa sem sagt verið meira og minna handahófskenndar, en þó raunar sameiginlega verið með því marki brenndar, að ætið hefur verið aukið ósjálfstæði atvinnulífsins, ríkisafskipti mögnuð og borgararnir meira og meira verið neyddir til að lúta fórsjá nefndavalda hins sívaxandi ríkisbáknar.

Afleiðingin af öllu þessu er svo sú, að vandinn hefur vaxið og hefur lengi verið auðsatt, að róttekari aðgerða þyrfti við og annars eðlis en áður, ef eigi ætti að stefna út í algert öngþveiti, atvinnuleysi, örþingi og raunar upplausn á hinu íslenzka þjóðfélagi.

Auðvitað höfum við, sem borið höfum ábyrgð á stjórn ríkisins, viljað leita sem skynsamlegastrar úrlausnar á þessum mikla vanda. Því var það, að er ég í fyrra var staddir vestan hafs leitaði ég samtals við dr. Benjamín Eiríksson, sem ótvírætt er lærðastur af íslenzkum hagfræðingum, og hefur auk þess mikilsverða reynzlu í lausn slikra mála, sem einn af hagfræðilegum ráðunautum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Ég fann fljótlega, að dr. Benjamín hafði betri yfirsýn um þessi málefni en aðrir, er ég hafði rætt þsu við. Leyndi sér ekki, að hann kunní þá þegar glögg skil á öllum þeim fjárhagslegu fyrirbærum, sem hér var um að ræða, samhengi þeirra og afleiðingum, þótt hann væri þá vegna langrar fjarvistar sinnar ókunnugur sumum einstökum atriðum vandamálsins hér á landi.

Að athuguðu máli lögðum við Sjálfstæðismennirnir í páverandi ríkisstjórn síðan

til á síðastliðnu vori, að dr. Benjamín yrði fenginn hingað til lands, til að semja greinargerð um þessi efni og hver úrræði mætti helzt að gagni verða. Ríkisstjórnin samþykkti þetta og kom dr. Benjamín síðan hingað snemma sumars 1949 og vann hér kappsamlega að því verkefni, sem honum var fengið, og samdi um það mikla greinargerð, sem lögð var fyrir ríkisstjórnina.

Það er engin vafi á því, að eftir þessa fræðilegu athugun lá málið miklu ljósar fyrir en áður. Vantaði þó enn á fullnægjandi rannsókn nokkurra atriða, einkanlega samanburð á þeim úrræðum, sem beita mátti til lækningar vandanum. Hinsvegar var í greinargerðinni bent á nokkur atriði, sem fullnægja varð, til að hin eiginlega lækknisaðgerð, hver sem hún yrði, að öðru leyti, kæmi að gagni, og ber þar einkum til að nefna raunverulega greiðsluhallalausana ríkisbúskap og honum samræmda útlánastarfsemi bankanna til að koma í veg fyrir frekari verðbólgu.

Á meðan á þessari fræðilegu athugun stóð kom Framsóknarflokkurinn fram með tillögur, sem talsmenn hans sögðu vera lausn á þeim vandamálum, er við var að etja. Við íhugun þeirra tillagna varð hinsvegar brátt ljóst, að þar snertu aðeins útkanta eða aukaatriði sjálfss vandamálsins. Um það sjálft var ekkert annað sagt að efni til, en að það þyrfti að leysa með einhverjum þeim úrræðum, sem fyrir hendi voru. Voru menn í sjálfu sér litlu nær, þrátt fyrir þá yfirlýsingu. Lausn málsins varð ekki auðveldari við það eitt að segja, að han ~~a~~ þyrfti að finna en segjast jafnframt ætla að tengja framgang hennar við ýms önnur, sum með öllu óskyld, atriði.

Þegar Framsóknarmenn settu samþykkt þessara tillagna sinna sem skilyrði fyrir áfram-

haldnandi stjórnarsamstarfi á s.l. sumri
þótti okkur Sjálfstæðismönnum þess vegna, að
þar væri mjög skotið fram hjá markinu. Sjálf-
stæðismenn töldu þvert á móti eðlilegra að
leggja hina fræðilegu greinargerð til grund-
vallar frambúðarlausn málsins.] Er því og ekki
að leyna, að í greinargerð þessari var um
~~semum réttunartíðinnar~~
margt ~~skráðar~~ skoðanOK, sem Sjálfstæðis-
menn hafa haldið fram í þjóðmálunum. Rannsókn
málsins leiddi meðal annars í ljós, að ein af
höfuðorsökum neinsemðanna væri haftastefna
undanfarinna ára. Í greinargerðinni kom glögg-
lega fram, að höftin, sem sett hafa verið til
að draga úr hættunni á jafnvægisleysi í efna-
hagsmálum þjóðarinnar, hljóta sjálf að leiða
til vaxandi hattu á jafnvægisleysi, verðbólgu
og annars ófarnaðar, ef þau standa lengi.
Þess vegna er á það bent, að eitt af frumskil-
yrðunum fyrir heilbrigðu atvinnulífi sé frjáls
verzlun. Að henni beri að stefna, enda sé
unnt að koma henni á, jafnskjótt sem samilegu
jafnvægi hefur verið náð.

Í svari sínu við tillögum Framsóknar-
manna sögðu ráðherrar Sjálfstæðisflokkssins
þess vegna í greinargerð, dags. 9. ágúst s.l.,
meðal annars á þessa leið:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í
ríkisstjórn hafa setið lagt á það höfuðáherzlu,
að etvinnu- og fjárhagsmálunum yrði komið í
heilbrigð horf og hefur að frumkvæði þeirra
meðal annars verið leitazt við að fá málin
sem bezt upplýst og skýrgreind. En vitað
er, að frambúðaraðgerðir í þessum efnunum
þurfa alllangan aðdraganda og telur flokkur-
inn það líklegast til árangurs, að ríkisstjórn-
in geri þegar þær ráðstafanir, sem í hennar

valdi eru til að koma góðri skipan á í pessum efnum, enda verður að hafa þann hátt á, ef menn vilja stöðva vöxt dýrtiðarinnar, hvort sem þeir síðan vilja stefna að því, að atvinnuvegirnir standi undir sér sjálfir, eða þeim sé haldið uppi með styrkjum. Þer þar fyrst að telja samræming á útlánastarfsemi peningastofnana landsmanna og trygging fyrir, að fjárlög verði raunverulega greiðsluhallalaus eins og fjármálaráðherra hefur lagt megináherzlu á. Að svo miklu leyti, sem því hefur ekki verið náð með fjárlögum þessa árs, þarf undirbúning til betri fjárlagaafgreiðslu fyrir næsta ár.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þess vegna auðsætt, að ef mögulegt á að verða að greiða fyrir lausn þessara vandamála nú, verði ríkisstjórnin að undirbúa þau sem bezt með aðgerðum sjálfarar sín og á þann veg, að þau liggi ljóst fyrir, þegar Alþingi kemur saman."

Ég er enn í dag sannfærður um, að ef þessi háttur hefði verið hafður, mundi ~~þá~~ ^(síða þessarar ríkisstjórnar eru vitni um) pá undi fyrrverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa getað haldið áfram rólegri íhugun þessara mála og haft tillögur að frambúðarlausn til á hæfilegum tíma í vetur. Því miður tókst það ekki.] Framsóknarflokkurinn vildi hafa annan hátt sá og setti tillögur sínar um aukaatriði málsins á oddinn. Það leiddi til þess, að samstarf þáverandi stjórnarflokka rofnaði, en af því spratt aftur, að Alþýðuflokkurinn leiddist til þess að gefa hinar óvarfærnu yfirlýsingar sínar um andstöðu gegn gengislækkun. Og einmitt sú staðreynd, að Alþýðuflokkurinn sjálfur neyddist í miðri kosningahriðinni til þess að eiga hlut að

autóldan hafi neyst
um laun þessara mála
en um helur autóta m.b.

bráðabirgðalögum til að lækka gengi krónunnar miðað við gull stórlega frá því sem áður var, hefur orðið til þess, að henn telur sér enn erfiðara en ella að taka þátt í skynsamlegri lausn vandamálsins nú. Og getur flokkurinn þó ekki bent á neina aðra lausn en þá, sem fram er borin, sem til alvarlegrar umræðu komi, hvað þá meira.

En þó að ofurkapp Framsóknarflokkssins í baráttu fyrir aukaatriðum yrði til þess að hrinda Alþýðuflokknum af réttri leið, kom auðvitað ekkert slikt til greina um Sjálfstæðisflokkinn. Sjálfstæðismenn létu ekki trufla sig í því, sem þeir töldu rétt. Í kosningatávarpi sínu sagði Sjálfstæðisflokkurinn svo:

"Flokkurinn telur að ekki megi dragast, að ráðstafanir séu gerðar til þess að atvinnuvegirnir geti starfað styrkjalaust í særilegu árferði og með skaplegum aflabréðum og þannig verði greitt fyrir því, að hin miklu nýsköpunartæki verði starfrækt svo, að allir landmenn geti haft fulla vinnu við eðlilega starfrækslu atvinnuveganna.

Því markmiði, að koma á þenna veg jafnvægi á þjóðarbúskapinn verður ekki náð nema með margháttuðum samfelldum aðgerðum og vill flokkurinn um framkvæmd þeirra byggja á grundvelli sérfræðilegrar athugunar og hafa samráð við fulltrúa stéttanna.

Hallalaus búskapur ríkissjóðs og honum samræmd starfssemi lánsstofnana landsmanna eru grundvallaratriði þeirra aðgerða, sem framkvæma verður.

Verðlag og framleiðslukostnaður í landinu verður að samræmast markaðsverði útflutningsafurðanna í viðskiptalöndunum."---

"Mikilvægur páttur í því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum er að gera verzlunina frjálsa, og verður að gera það sem fyrst, þótt það geti ekki orðið til fulls fyrr en fullkomið jafnvægi er fengið, enda mun svartur markaður og margskonar óheilbrigði í verzlunarháttum ekki hverfa, fyrr en þessu marki er náð."

Enn segir:

"Framkvæmd allra þessara mála er að sjálfsögðu mjög undir því komin, hvert kjör-fylgi flokkurinn fær. Þingmönnum hans hefur stundum verið legið á hálsi fyrir, að þeir hafi ekki getað komið fram svo miklu af stefnumálum flokksins sem skyldi. En því miður hefur flokkurinn ekki haft meirhluta á Alþingi undanfarandi ár, og meðan svo er, þá er jafnframt undir aðra að sekja um það, hvað af stefnumálum flokksins nær fram að ganga."--

"Sjálfstæðisflokkurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til íslenzkra kjósenda, að þeir fylki sér um frambjóðendur flokksins og skapu á Alþingi þann meirihluta Sjálfstæðismanna, er einn megnar að mynda þá festu og öryggi í stjórn landsins, sem þjóðinni er nú brýn þörf á."

Því miður varð þjóðin ekki við þessari áskorun flokksins. Hann hélt að vísu fylgi sínu, en verulega skorti á, að hann hefði meirihluta með þjóðinni, og enn meira að hann hefði meirihluta á Alþingi.

Stóð og ekki á, að svo færi, sem Sjálfstæðismenn höfðu sagt fyrir, ef þeir fengju eigi hreinan meirihluta. Sundrungin varð öllu ráðandi á Alþingi íslendinga. Ekki var það samt Sjálfstæðisflokknum að kenna að svo fór.

Hann gerði á s.l. hausti það, sem í hans valdi stóð til að mynduð yrði meirihluta stjórn lýðræðisflokkanna. Það tókst ekki.

Varð þá úr, að Sjálfstæðisflokkurinn gerði sitt til að beta úr afleiðingum sundrungarinnar og myndaði einn ríkisstjórn.

Þegar sú stjórn tók við völdum 6. desember s.l. lýsti forsetisráðherra Ólafur Thors yfir því, að ríkisstjórnin mundi í fyrsta lagi vinna að því, að útgerðin þyrfti ekki að stöðvast þá um áramótin.

Í öðru lagi mundi hún hefja undirbúning lausnar, sem varanlegri gæti orðið á öllum þessum vandamálum efnahags- og atvinnulífsins og leggja hana síðan fyrir Alþingi.

Í þriðja lagi lýsti forsetisráðherra yfir því, að sú skoðun Sjálfstæðisflokkssins væri óbreytt, að úr því honum tókst ekki að ná þinglegum meirihluta við kosningarnar, þá væri farsælast að koma á sem viðtakustu samstarfi milli lýðræðisflokkanna um stjórn landsins og löggjöf. Loks tók hann það sérstaklega fram, að slikt samstarf væri á engan hátt háð forstuti sínu eða þátttöku í vœtanlegri ríkisstjórn.

Að öllu þessu hefur ríkisstjórnin síðan unnið. Henni tókst að koma í veg fyrir stöðvun útvegsins um áramótin. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um þau efni var að vísu nokkuð skemmt í meðförum Alþingis. Það þarf þó ekki að koma að sök, ef nú verða samþykktar þær tillögur um frambúðarlausn dýrtiðarmálanna, er stjórnin lagði fyrir Alþingi s.l. laugardag, þ.e. hinn 25. febrúar.

Undirbúning þessara tillagna létt stjórnin þegar hefja, er hún hafði tekið við völdum. Hún fékk þá dr. Benjamín Eiríksson til að koma aftur til landsins til að halda áfram því verki, sem hann hafði lagt svo myndarlegan grundvöll að á s.l. sumri. Til samstarfs

við hann fékk hún prófessor Ólaf Björnsson, þann hagfræðing íslenzkan, sem starfað hefur hér á landi, sem einna larðastan og færastan má telja í sinni grein, og skynsamlegastar ritgerðir hafði áður skrfað um einstaka þætti dýrtíðarmálsins.

Þessir menn hafa síðan ötullega unnið að undirbúningi og samning tillagna þeirra, er nú liggja fyrir. Um þetta hafa þeir auðvitað haft náið samstarf við ríkisstjórnina og þá einkum forsetisráðherrann. Tillögur þær, sem nú eru fram lagðar, eru þess vegna ávöxtur af samstarfi ríkisstjórnarinnar og tveggja hinna hæfustu sérfræðinga, sem völ var á. Er þó ekki launungarmál, að fáir munu þeir íslenzkir hagfræðingar vera eða engir, sem treysta sér til að véfengja ^{miðilsverðstu} L niðurstöður þessara sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

Því miður vinnst ekki tími til þess í kvöld að gera grein fyrir bessum tillögum, enda eru þær út af fyrir sig ekki til umræðu, heldur vantrauststillagan, sem flutt hefur verið. Hún virðist ekki byggjast á andstöðu við þær, heldur á gagnrýni á starfsháttum ríkisstjórnarinnar, og þess vegna hef ég kosið að gera svo ítarlega grein fyrir öllum undirbúningi málsins frá fyrstu byrjun.

En þótt tillögurnar sjálfar séu ekki beinlinis til umræðu, tel ég þó rétt að gera grein fyrir þeim með nokkum orðum, því að á þeim veltur nú mest um örlög íslenzku þjóðarinnar og framtíðardómurinn yfir starfi núverandi stjórnar hlýtur að byggjast á því, hvernig henni hafi til tekist um efni og smiði þessara tillagna.

Það verk, sem óunnið var til undir-

bánings lausnar á vandamálum verðbólgunnar, er núverandi ríkisstjórn tók við, var fyrst og fremst samanburður á þeim þemur höfuðúrræðum, sem til greina gátu komið, ásamt öðrum aðgerðum, er öllum skynsamlegum framkvæmdum hljóta að verða samfara og áður hefur verið drepið á sum.

Pessar þrjár leiðir eru styrkja- og ábyrgðarleiðin, sem farin hefur verið, niðurfærslu-eða verðhjöðnunarleiðin, sem þótt ótrúlegt sé virðist á stundum hafa átt mestum vinssæmdum að fagna, og loksnsins gengislækkunarleiðin, sem ríkisstjórnin nú hefur gert tillögur um.

Á þessum þemur leiðum hafa þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson nú gert tæmandi samanburð, svo að engum getur framar blandast hugur um, hvern kostinn eigi að velja.

Um styrkjaleiðina segja hagfræðingarnir í álti sínu meðal annars:

"Aðalókostur styrkjaleiðarinnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð er sa, að hún leysir í raun og veru ekki vandamál útflutningsframleiðslunnar, sem berst í bökkum jafnt eftir sem áður og á það ekki aðeins við útgerðarmennina, heldur og alla framleiðendur. Styrkjaleiðin lofar engu um bætta verzlun, sem þegar til lengdar lætur, er höfuðvandamálið og hún er heldur ekki viðunandi bráðabirgðalausn meðal annars vegna þess, að útflutningsframleiðslan mundi verða meiri við hagstæðari kringumstæður.

Reynzla undanfarinna ára sýnir augljóslega, að til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum eða jafnvel til þess aðeins að halda öllu í horfinu, er styrkjaleiðin ekki far. Hún skapar ekki nein skilyrði til þess

að hegt verði að stöðva dýrtíðina, koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og þá um leið jafnvægi á við útlönd og létta höftunum af verzlunni. Styrkja-leiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíð-inni. Hana skortir allt það jákvæða, sem fylgir gengislækkunarleiðinni eða niðurfarsslunni. Af þessum þremur leiðum er sú leið, sem nú er farin, minnst umskileg og er í rauninni ekki lengur framkvæmanleg, vegna þess hve ósamræmið milli innlends og erlends verðlags er orðið mikið. Það er engum vafa undirorpið að verði styrkjaleiðin enn farin mun að ári liðnu koma í ljós þörf fyrir stórauknar tekjur ríkissjóði til handa."

Pennan dóm hygg ég að enginn kunnugur maður geti vefengt. Þá eru eftir tvær leiðir niðurfarsslak eða verðhjöðnun og gengislækkun. Um þær segja hagfræðingarnir:

"Niðurstöður okkar um samanburð á verðhjöðnun og gengislækkun eru þessar:

Verðhjöðnun sem næði sama árangri og gengislækkun mundi í bili leggja miklu þyngri byrðar á herðar launafólks en gengislækkunin og mundi taka miklu lengri tíma, að ná tilætluðum áhrifum. Verðhjöðnunin mundi á sama hátt og gengislækkunin skapa skilyrði fyrir frjálsari verzlun og mundi þá sú kjara-skærðing, sem launþegarnir, aðrir en sjómenn, verða fyrir í bili, að vísu bestast upp, þegar fram liðu stundir. En eftir fenginni reynzlu er ekki líklegt, að samtök launþeganna myndu sætta sig við það að bíða þeirra áhrifa, heldur leitast áður við að velta byrðum verðhjöðnunar-innar af sér með nýjum kauphækkunum, sem um leið mundi gera ráðstafanirnar óframkvæmanlegar.

þar sem verðhjöðnun, sem að gagni kæmi, mundi einnig skapa mikla örðugleika í sambandi við öll skuldaskipti þannig að annaðhvort mundi af henni leiða mjög viðtek gjaldþrot þejarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og jafnvel lánsstofnana, eða stofna yrði til mjög almennra skuldaskila, þar sem skuldir og peningaeignir yrðu færðar niður til samræmis við lækkun verðlags, virðist auðsmett, að til þess að ná því jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem æskilegt er, þá er verðhjöðnunarleiðin til mikilla muna torfærai en gengislækkunarleiðin. Tregðan í öllum verðbreytingum gerir hana einnig miklu sein-virkari en gengislækkunina. Á hinn bóginn verður ekki komið auga á neina þýðingarmikla kosti, sem hún hafi fram yfir gengislækkunarleiðina, sem réttlæti það, að hún sé fremur valin. Að vísu hafa verið uppi nokkrar raddir um það, að verðhjöðnun væri hin eina "heilbrigða" lausn á fjárhagsvandamálunum, en til grundvallar slikum skoðunum virðist fyrst og fremst liggja það, að menn hafa ekki kynnt sér nægilega alla málavexti."

Slikur er dómur hinna færstu manna. Undir hann hljóta allir, sem forsendurnar kynna sér, að taka.

Á það skal engin dul dregin að gengislækkun er auðvitað neyðarúrræði. Úr því sem komið er, er enginn kostur góður, og gengislækkunin þó áreiðanlega bezt. Hún er nauðsynleg fyrir allar stéttir þjóðfélagsins. En engir eiga þó meira undir, að hún hafi tilætluð áhrif en verkamenn og aðrir launþegar. Ella blasir ekkert annað við en hrun atvinnuveganna, atvinnuleysi og örþingð.

Í áróðrinum gegn gengislækkun hefur fram að þessu því verið haldið fram, að henni mündi verða samfara kaupbinding og svipting samtaka launþega á samningsrétti þeirra. Ekkert slikt felst í þeim tillögum, er ríkisstjórnin nú gerir.

Verkalýðssamtökin halda enn samningsrétti sínum. Verkföll eru heimil eftir sem áður.

Vísitölubindingin, sem gerð var með dýrtíðarlögnum 1947 verður meira að segja felld úr gildi. Að því leyti er hér um beina réttarbót að ræða fyrir launþega frá því, sem verið hefur. Þeir eiga að fá fullar uppbætur samkvæmt haekkun vísitölunnar pann tíma, sem gera má ráð fyrir að líði, pangað til fullu jafnvægi verði náð. Eru um petta settar sérstakar reglur.

Ef einhverjur telja á sig hallað með þessu er þeim eftir sem áður heimilt að gera verkfall. Hér er því ekki um neina kaupkúgun eða þrælkunarlög að ræða.

Hitt er annað mál, að forsenda þess, að tilraun þessi takist er, að almennингur vilji una henni og styðja að frumgangi hennar. Það er einmitt vegna þess, að ríkisstjórnin gerir sér petta ljóst, að almennингur hefur petta í hendi sér og á reyndar sjálfur mest undir því, hvernig til tekzt, að skírskotað er til ábyrgðartilfinningar hvers og eins í stað þess að grípa til lögbvingunar, sem engar líkur eru til að ná mundi tilætluðum árangri.

Ríkisstjóruinni er ljóst, að frá fræðilegu sjónarmiði, er sú gagnrýni réttastust á tillögur hennar, að þessar uppbætur

launþegunum til handa muni leiða til nýrrar verðbólgu. En hagfræðingarnir gera ítarlega grein fyrir, að svo þurfi ekki að fara, ef launþegarnir vilja við þessar uppbætur una. Enda sýnir reynzlan frá 1939, þegar gengi íslenzku krónunnar var lækkað um 18%, að eftir 3 mánuði hafði verðlagið aðeins stigið um 2,1%.

Hitt er annað mál, að engar tillögur, hversu góðar sem þær kunna að vera, megna að leysa vandann, ef almennингur í þessu landi vill leiða ófarnaðinn yfir sig og stefna beint út í ófaru og atvinnuleysi.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru ýms ákvæði til að draga úr hættunni á óeðlilegri verðhækjun, m.a. ákvæði um tollalækkun. Þá eru þar einnig fyrirmæli til að bæta ~~áhrif~~ spari-fjáreigendum að nokkru þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir við verðrýrnun krónunnar á undanförfnum 10 árum.

Þar eru einnig tillögur um sérstakan skatt á þeim eignum, sem ekki rýrna í verði við krónulækkunina. Er sá skattur eðlilegur, þegar af þeiri ástæðu, að ekki má gera þessum aðilum herra undir höfði en hinum, sem fé sitt eiga í reiðu fé eða með öðru sliku móti. Einnig er ætlazt til, að þeir útflytjendur, sem ekki þurfa á gengislækkun að halda, greiði sérstakan skatt, til þess að þeir hafi ekki óeðlilegan hag af gengislækkuninni.

Þessi ákvæði og önnur fleiri er ekki unnt að rekja að sinni. En ~~á~~ fullyrða má, að þó að eitthvað megi e.t.v. betur fara í frumvarpinu, og það sé sjálfsagt ekki alfullkomis frekar en önnur mannanna verk, mun það sannast við hlutlæusa athugun, að hér hefur verið ratað rétt meðalhóf, án tillits til flokka eða

nokkurra annara sérhagsmuna. Enda var það eitt haft fyrir augum, að finna sem réttlátasta lausn, er að gagni mætti verða.

Ríkisstjórninni var það auðvitað ljóst, að askilegt var að tryggt væri, að lýðræðisflokkarnir styddu þegar í stað að framgangi þessara tillagna, svo að þær þyrftu ekki að tefjast á Alþingi.

Við kommúnista þýddi auðvitað ekki að tala um þessi efni. Allir vita, að fyrir þeim vakir það eitt að koma á upplausn og öngþveiti og þar sem tillögurnar verka í alveg gagnstæða átt, sem sé til farseldar og heilla fyrir íslenzku þjóð; var vitað að kommúnistar mundu snúast öfugir gegn þeim. Annars hefðu þeir afneitað eðli sjálfra sín.

Vegna þess, að ríkisstjórnin bar meira traust til þjóðhollustu lýðræðisflokkanna, þá leitaði hún samstarfs við þá um framgangi tillagnanna. Hún gerði það með brefi 2. febrúar s.l. Í framhaldi af því sendi hún þessum flokkum tillögurnar binn 6. febrúar s.l. og loksins greinargerðina með brefi, dags. 16. febrúar. Jafnframt létt ríkisstjórnin uppi, að hún teldi askilegt til tryggingar framgangi tillagnanna, og til öryggis framkvamð þeirra síðar og vegna annara ráðstafana, sem gera þarf til þess að þær komi að gagni, að mynduð yrði meirihluta stjórn á Alþingi.

Alþýðuflokkurinn hefur nú lýst því, að hann telji sig ekki geta stutt tillögurnar. Það er ekki á hann hallað, þó að sagt sé, að um þá ákvörðun muni það miklu hafa ráðið, að Alþýðuflokkurinn hefur óttast að verða undir í samkeppninni við kommúnista, ef hann styddi slikt mál, sem þetta. Þeg skal eigi dama um

réttmæti þessa ótta, en hitt ætla ég, að slikir starfshættir stoði hann lítt til fram-búðar, því að þótt sitthvað megi um Alþýðuflokkinn segja, hygg ég, að kommúnistar muni ætíð taka honum fram í því sem til illa má horfa. Það er vissulega illt verk, að snúast á móti þessum tillögum og uggir mig, að Alþýðuflokknum verði lítill fengur að því að keppa við kommúnista í peirri iðju. Alþýðuflokkurinn mun ætíð fara halloka fyrir kommúnistum í ábyrgðarlausum yfirboðum og víssvitandi skemmdarstarfi.

Um Framsóknarflokkinn, sem stendur að flutningi þessarar vantrauststillögu, er það að segja, að hann tjáði sig að vísu vera feiðubúinn til að ræða við Sjálfstæðisflokkinn um úrlausn vandamálanna, en að því áskyldu, að ríkisstjórnin segði af sér áður. Hann lýsti sig og reiðubúinn til þess að ganga í stjórn með Sjálfstæðisflokknum, þó að ekki væri um nein málefni samið fyrirfram.

Sjálfstæðismenn eru að vísu góð-viljaðir og vilja flestra vandræði leysa. Hitt pótti okkur þó gegna meira en góðu hófi að gera það fyrir þærstað Framsóknar að segja af okkur án þess að tryggt væri að nokkur stjórn önnur væri mynduð eða samið væri um lausn hins mikla máls. Ekki fór Framsókn sjálf svo að 1939, undir forystu þeirra manna, sem flytja þetta vantraust, og ekki datt Sjálfstæðismönnum þá í hug að fara þessa á leit. Þá var samið um úrlausn mála eftir því sem þau lágu fyrir, og samstjórn mynduð, þegar samkomulag var orðið, án þess að nokkur slík skilyrði væru sett, sem Framsókn gerði nú. En í viðskiptum flokka, sem á milli manna, er það

býsna góð regla og gamalreynd, að ætlast ekki til þess af öðrum, sem maður vill ekki sjálfur af höndum inna.

Sjálfstæðismenn hefðu hinsvegar út af fyrir ~~því~~ getað fallizt á, að hagkvæmt kynni að vera, að mynduð væri ríkisstjórn, áður en samið væri um málefnið í því skyni, að hin nýja stjórn reyndi samninga um það. En þó að þeir vildu ganga svo langt, þá töldu þeir ekki fært að gera hitt, að ganga í slika stjórn, áður en Framsóknarflokkurinn fengist til þess að segja nokkuð um, hver hans afstaða væri til málanna, svo að menn gætu að minnsta kosti gert sér grein fyrir, hvað á milli bari.

Í öllum þeim löngu samningum, sem átt hafa sér stað, hefur Framsóknarflokkurinn aldrei fengist til þess að segja neitt um þetta. Þess vegna taldi Sjálfstæðisflokkurinn ekki fært að halda þessu samningapófi áfram heldur óumflýjanlegt að leggja tillögur sínar frá Alþingi, svo að því gefist stjórnskipulegur kostur á að taka afstöðu til þeirra. Enda hefur Framsóknarflokkurinn nú fyrst eftir að það var gert fengizt til að ræða sjálfar tillögurnar, sem hann hafði aldrei áður gert, og hafa menn því nú nokkra hugmynd um það, sem á milli ber efnislega. Það er framför frá því, sem áður var, og er raunar furðulegt, að þessu ráði skuli hafa þurft að beita til að því yrði náð.

Hitt er eftir, að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. Undanförnum vikum hefði, eins og Sjálfstæðismenn vildu, betur verið varið til þess að reyna að koma því á.

En hvernig sem að er farið, þá munu Sjálfstæðismenn setja það öllu ofar, að koma hinu mikla málí frá. Undir því er komin far-

seild og fjárhagsafkoma, atvinna og efnahags-
öryggi íslenzku þjóðarinnar.